## Fundargerð

**3. fundur Ungmennaráðs Skaftárhrepps**
**haldinn í fundaraðstöðu sveitarfélagsins, Klausturvegi 4,**
**miðvikudaginn 27. mars, klukkan 15:00**

**Fundinn sátu:** Ásgeir Örn Sverrisson, Bjarki Snær Sigurðsson, Bríet Sunna Bjarkadóttir, Júlía Linda Jónsdóttir, Margrét Ragnarsdóttir Blandon og Sigurður Eyjólfur Sigurjónsson íþrótta- og æskulýðsfulltrúi.

**Fundargerð ritaði:** Bjarki Snær Sigurðsson, ritari Ungmennaráðs Skaftárhrepps.

Margrét Ragnarsdóttir Blandon, formaður Ungmennaráðs Skaftárhrepps, setti fundinn kl. 15:01

1. **Íþrótta- og æskulýðsstarf í sumar**
   Gott starf sem er núna. Helstu hugmyndir sem komu voru körfuboltanámskeið, frjálsar íþróttir, strandblak og strandhandbolti mögulega einhver golf kennsla.

   Hugmynd um einhverskonar skemmtun sem ungmennaráiðið sér um í byrjun júní. Ákveðið á næsta fundi.

2. **Opnunartími íþróttamiðstöðvar**
   Rætt um opnunartíma íþróttamiðstöðvar. Ráðinu þykir opnunartíminn núna vera allt í lagi en betra væri að opið væri líka á sunnudögum. Að opnunartíminn væri 12:00-20:00 finndist ráðinu betra en 11:00-19:00. Ungmennaráð vill að sumaropnun íþróttamiðstöðvar taki gildi strax í maí.

3. **Körfuboltavöllur**
   Rætt var um körfuboltavöllinn sem á að koma í sumar.

4. **Önnur mál**
   Ungmennaráðið kynnti sér hugmyndir um framtíðarplön varðandi uppbyggingu skóla, menningarhús og íþróttamannvirkjum. Ráðið var mjög sátt með hugmyndir um nýja rennibraut. Rætt um að koma frísbígolf vellinum í betra stand. Hugmynd um ungmennaþing með Víkurbúum sem rætt var um á síðasta fundi verður skoðað aftur næsta haust.

ÁÖS
BSS

MRB
JLJ
BSB

Ekki fleira rætt og fundi slitið kl. 15:52

Margrét Ragnarsdóttir Blandon

Bjarki Snær Sigurðsson

Bríet Sunna Bjarkadóttir

Ásgeir Örn Sverrisson

Júlía Linda Jónsdóttir